

Fundur 20.5.2024 Esra hebreskur maður.

Komið þið öll blessuð og sæl

*Já góða kvöldið, góða kvöldið.*

Vaknaði ég á öðrum stað og var ég uppnuminn og var ég leiddur af öðrum anda, og talaði ég tungum og hóf ég þá að vinna þau verk sem mér voru ekki geðþekk, en tók Drottinn frá mér efa minn um það hvað rétt er eða rangt og fór ég þá að vinna þau verk og skyldi ég ekki þær tungur sem ég mælti á.

Og vaknaði ég svo aftur í þeim sama líkama og fann ég þá til sjálfs mín, hvað ég hafði gert og vissi ekki hvort ég átti að iðrast eða fagna, en fór þá að rigna yfir huga minn og líkama minningum frá liðinni tíð og fór ég að biðja Drottinn fyrirgefningar að ég skyldi hafa þá tilfinningu að ég hefði lifað áður og að endurfæðingar kenningin gæti verið rétt.

Og fór ég að predika um að við værum endurfædd á annarri jörð og varð ég þá frá að hverfa og settur í þá betrunarvist og þurfti að afneita þeim ranghugmyndum og villutrúarkenningum.

Hef ég nú fundið ljósið og iðrast og ber honum vitnisburð minn á hverjum degi og ef ég er uppnuminn af heilögum anda iðrast ég ekki gjörða minna, en við öll sem höfum sagt það sem honum er ekki þókknanlegt, þurfum að dvelja í betrunarvist, þar til æði það sé runnið af okkur og hlýðni okkar fullkomin orðin á ný.

Man ég þær stundir þegar ég lifði í hinu forna þjóðfélagi og uppskeruhátíðin var í nánd og héldum við fast í okkar heiðnu Guði, en voru þá ný trúarbrögð að ryðja sér til rúms hjá okkur og var það Drottinn sá sem ég hef síðan tignað.

Og uppskeruhátíðin breyttist í aðra hátíð honum til dýrðar og ekki máttum við líta ásjónu hans án þess að týna lífi eða þola aðrar refsingar og hafði hann hæfileika til að birtast í mannlegri mynd.

Uppskeruhátíðin er ekki lengur haldin og hefur önnur hátíð tekið við af henni, hebreskur maður er ég og var uppi fyrir langa löngu og nafn mitt er Esra.

Bið ég ykkur Guðs blessunar og þið munið einnig njóta hans fyrirgefningu fyrir ykkar syndir, verið þið sæl.

Kveð ég nú.

*Vertu blessaður og gangi þér vel að slíta þig undan þrældómsokinu.*